Helgafellsskóli

# Kennsluáætlun 4.bekkur 2020-2021

**Námsgrein: Í áttina að textíl / ferli o.fl**
**Kennari: Hanna Jónsdóttir / hanna@helgafellskoli.is**

| Kennslufyrirkomulag |
|---|
| Nemendur vinna ýmist úti eða inni. Þeir eru virkir þátttakendur í ferlinu og lögð er áhersla á að þeir taki þátt í umræðunni þegar verið er að greina hluti. Það gilda ákveðna reglur í kennslunni sem eiga að efla samskiptahæfni og auka á samkennd nemenda.<br>Í töflu heitir þessi áfangi textíll en í honum er ríkari áhersla lögð á að nemendur kynnist ferli og þjálfi þannig skapandi hugsun og útsjónasemi. Það ferli er opið og lifandi og ekki fyrirfram ákveðið. Þannig finna nemendur fyrir því að þeirra skoðun skiptir máli og allar hugmyndir eru ræddar þannig að þær gagnist. Við þjálfum svo hugsun um textíl með því t.d. að skoða úr hvaða efni fötin okkar eru svo dæmi sé tekið. |

| Námsmat |
|---|
| Nemendur fá munnlega endurgjöf frá kennara með þau verkefni sem unnin eru jafn óðum. Því til viðbótar verður lagt fyrir nemendur sjálfsmatsverkefni þar sem þau meta sig út frá völdum hæfniviðmiðum. |

| Stefna og reglur námsgreinarinnar | |
|---|---|
| **Samskipti** | Einkunnarorð skólans samkennd, samvinna, heiðarleiki eru höfð að leiðarljósi. Við æfum góð samkipti, með samkennd og tillitsemi. |
| **Klæðnaður** | Á heimasíðu skólans er tekið fram að markmið Helgafellsskóla sé að njóta útiveru og tryggja að börnin festi útivist í sessi í sínu daglegu lífi. Fatnaður barna þarf því að vera í samræmi við veðurfar. |
| **Virkni í tímum** | Það er lögð áhersla á að nemendur geti unnið sjálfstætt eða samstarfi við aðra. En einnig að geta unnið eftir leiðsögn. Nemendum er frjálst að aðstoða við kennsluna í þeim verkefnum sem að þeim gengur betur í en öðrum. |
| **Skyldur kennara** | Kennari aðstoðar og hvetur nemendur til þess að þjálfa hjá sér eigið frumkvæði til þess að ná markmiðum sínum. Hans verkefni er að fá nemendur til að öðlast trú á eigin |

| | |
|---|---|
| | getu og leita mismunandi leiða til þess eftir getu hvers nemanda. Hans verkefni er líka að vera besta útgáfa af sjálfum sér til, og vera þannig jákvæð fyrirmynd í samskiptum. |
| **Skyldur nemenda** | Það er ætlast til þess að nemendur mæti á réttum tíma, séu virkir þátttakendur og fari eftir reglum og fyrirmælum. Í þessum tíma eru allir vinir og við sínum hvort öðru virðingu í verki og orði. |

| Tímabil | Viðfangsefni | Kennsluaðferðir | Hæfniviðmið / að nemandi... |
|---|---|---|---|
| **Vika 1** | Kynningar<br>Náttúruleg efni / gerviefni. | Uppbygging á námsgreininni kynnt og almennar kynningar á nemendum og kennurum<br>Við skoðum fötin okkar og efnagreinum þau. | Sýni tillitsemi og umhyggju í leik og starfi<br>Geti hlustað eftir upplýsingum<br>Getur fjallað um mismunandi klæðnað fólks með tilliti til veðurfars, athafna og tilefna.<br>Getur lýst skynjun sinni og upplifun af breytingum á hljóði, ljósi og hitastigi og áhrifum sólarljóss á umhverfi, hitastig og líkamann og tengt hitastig við daglegt líf. |
| **Vika 2** | Nærumhverfið – nýtni. | Hvönn – náttúruleg efni – eiginleikar efnis og forms.<br>Nemendur nota tálgunarhníf og fá kynningu á réttum aðferðum. | Getur unnið út frá kveikju við eigin listsköpun<br>Getur framkvæmt einfaldar samsetningar<br>Getur sýnt góða nýtingu á því efni sem unnið er með.<br>Getur beitt líkama sínum rétt og farið gætilega með áhöld. |
| **Vika 3** | Átthagafræði – að finna sér stað og rannsóknarefni.<br>Hvernig fær maður hugmyndir? | Við höldum áfram að vinna út frá hlutnum? Hverjir eru eiginleikar hans? Hvað væri hægt að nýta hann í?<br>Nemendur skrá sínar hugmyndir með teikningum eða með því að skrá það í skissubók. | Getur sett í samhengi mismunandi ástand efna og eiginleika þeirra. |
| **Vika 4** | Þvers og kruss - öræfingar í skynjun. | Nemendur takast á við áskoranir sem kennari deilir út í formi spila | Getur tekið þátt í skapandi ferli undir leiðsögn kennara. |
| **Vika 5** | Sagnalist<br>Hugarflug | Nemendur búa til söguna um það hvernig hluturinn sem þau fundu endaði þar sem hann fanst. | Getur tekið virkan þátt í leikrænu ferli í hópi og sýnt skólasystkinum tillitssemi. |
| **Vika 6** | Textíllist<br>Endursögn á sögunni. | Nemendur myndgera söguna með því að klippa út einföld form sem minna á inntak sögunnar og raða upp í sameiginlegt verk. | Getur lært stuttan texta og flutt hann á skýran hátt fyrir áhorfendur.<br>Getur tjáð tilfinningar, skoðanir og hugmyndaheim sinn í myndverki á einfaldan hátt.<br>Getur fjallað um eigin verk og annarra |

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Vika 7** | Staðurinn og hluturinn – hvað er fleira að finna? | Nemendur rýna í umhverfið í stóru og smáu samhengi. Við notum öræfingarverkefnið Þvers og kruss til að skynja umhverfið.<br>Við teygjum í huganum á hlutunum sem við fundum hvað er hann langur ef við...<br>Við fáum lánað eitthvað í náttúrunni til að endurskapa úr því okkar eigið form | Getur hlustað á og greint að, ólíkar skoðanir.<br>Getur leyst viðfangsefni sem sprottin eru úr daglegu lífi og umhverfi, með hugarreikningi.<br>Getur sýnt frumkvæði og tekið þátt í samvinnuverkefnum undir leiðsögn |
| **Vika 8** | Eiginleikar efnis<br>Festingar án annars efnis | Við notum fundna efnið til þess að búa til úr því eigin hluti út frá eifinleikum þess.<br>Nemendur leita leiða til þess að láta það líta út eins og það sé bundið saman eða soðið saman af náttúrunnar hendi. | Getur sagt frá íslensku hráefni og unnið með það á einfaldan hátt<br>Getur tjáð hugmyndir sínar með einfaldri skissu. |
| **Vika 9** | Eigið sjónarhorn | Nemandi velur sér eigið sjónarhorn á hlutinn sem við fundum í byrjum. Hann reynir að teikna hlutinn í þrívídd. Þá gerir hann dýr eða veru úr hlutnum. Nýja fyrirbærinu býr nemandi svo til nýtt sögusvið og samhengi. | Getur dregið einfalda skissu og tvívíða teikningu til að útskýra hugmyndir sínar.<br>Getur tjáð sig á einfaldan hátt um viðfangsefni sitt. |
| **Vika 10** | Áferð og mótun | Við gefum nýja fyrirbærinu áferð og sköpum það úr fundnum hlutum í bland við textíl. | Getur framkvæmt einfaldar samsetningar<br>Getur sýnt góða nýtingu þeirra efna sem unnið er með.<br>Getur notað ný og endurunnin efni. |
| **Vika 11** | Áferð og mótun frh. | | |
| **Vika 12** | Sameiginleg niðurstaða -yfirferð<br>Sjálfsmat | Við fjöllum um verkið í heild sinni og hvaða möguleika það hefur til þess að þróast. Hvert vilja nemendur að það þróist?<br>Nemendur meta hvað þeir hafa lært af ferlinu.<br>Eigin ígrundun í bland við matsblað frá kennara. | Getur sagt frá eigin upplifun á náttúrunni og skoðun á náttúrulegu umhverfi.<br>Getur unnið eftir einföldu ferli frá hugmyndi til afurðar.<br>Getur lagt mat á eigin verk<br>Getur fjallað um eigin verk og annarra. |

**Niðurstöður úr einstökum þáttum námsmatsins eru birtar á mentor.is undir námsmat. Kennari áskilur sér rétt til breytinga á áætlun.**